

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Microlax

**90 mg/ml + 9 mg/ml endaparmslausn, stakskammtaílát**  
natríumsítrat (tvíhýdrat) + natríumlárlísúlfoasetat

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Microlax og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Microlax
3. Hvernig nota á Microlax
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Microlax
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### 1. Upplýsingar um Microlax og við hverju það er notað

Microlax eykur vatnsinnihald hægðanna og gerir þær mýkri. Microlax hefur einungis staðbundna verkun í endaparminum, það berst ekki út í líkamann.

Þú getur notað Microlax við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaparmsspeglun eða röntgenmyndatöku á þörmum.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

### 2. Áður en byrjað er að nota Microlax

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð

#### Ekki má nota Microlax:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir natríumsítrati og/eða natríumlárlísúlfoasetati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

#### Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Microlax er notað.

#### Hafðu samband við lækni ef þú

- ert með blæðandi eða sársaukafulla gyllinæð, þarmabólgu eða bráðan maga- eða þarmasjúkdóm. Í slíkum tilfellum skaltu ekki nota Microlax.
- þarfnast hægðalyfja á hverjum degi. Ástæðu hægðatregðunnar þarf að rannsaka.

#### Athugið eftirfarandi

Microlax má aðeins nota daglega í skamman tíma. Við ofnotkun getur komið fram niðurgangur og vökvatap sem krefst meðhöndlunar. Þú getur orðið háð/ur hægðalyfjum ef þau eru notuð oft og endurtekið í meira en viku.

Ef blæðir frá endaparmi eða ef þarmahreyfingar eru ekki nægilegar eftir notkun Microlax getur ástæðan verið alvarlegs eðlis. Hættu að nota Microlax og hafðu samband við lækni.

### **Börn**

Microlax má aðeins nota handa börnum yngri en 3 ára samkvæmt læknisráði.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Microlax**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Talaðu við lækinn ef þú notar lyf sem innihalda natríum pólystýren sulfónat.

### **Notkun Microlax með mat og drykk**

Microlax má nota með mat og drykk.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

### **Meðganga**

Þú mátt nota Microlax á meðgöngu.

### **Brjóstgjöf**

Þú mátt nota Microlax meðan barn er haft á brjósti.

### **Akstur og notkun véla**

Microlax hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

### **Microlax inniheldur sorbínsýru**

Microlax inniheldur sorbínsýru (E 200) sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu).

## **3. Hvernig nota á Microlax**

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Nota á Microlax um það bil 15 mínútum áður en áhrifa er óskað.

### **Venjulegur skammtur er**


#### **Fullorðnir og börn**

Innihald einnar túpu (5 ml) skal tæma í endaparm eins og lýst er á myndunum hér fyrir neðan.

Microlax má eingöngu nota handa börnum yngri en 3 ára í samráði við lækni. Hjá börnum yngri en 3 ára á aðeins að setja helming túpusprotans í endaparminn (sjá merki á sprotanum).

## Notkunarleiðbeiningar

Mynd 1



Mynd 2



1. Snúið innsiglið af enda túpusprotans (sjá mynd 1).
2. Smyrjið enda sprotans með einum dropa af innihaldi túpunnar.
3. Færið sprotann að fullu inn í endaparminn – hjá börnum yngri en þriggja ára skal þó einungis færa sprotann inn að hálfu (sjá merki á sprotanum).
4. Tæmið túpuna alveg – einnig hjá börnum – og haldið henni samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út (sjá mynd 2).

### Ef notaður er stærri skammtur af Microlax en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið umbúðir lyfsins við höndina.

### Ef gleymist að nota Microlax

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt af Microlax sem gleymst hefur að nota. Haltu aðeins áfram að nota venjulegan skammt.

### Ef hætt er að nota Microlax

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## 4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Microlax valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Hættu að nota Microlax og hafðu strax samband við lækni ef þú tekur eftir einhverjum af eftirfarandi aukaverkunum:

### Alvarlegar aukaverkanir

**Aukaverkanir þar sem tíðni er ekki þekkt** (líklega mjög sjaldgæfar):

Alvarleg ofnæmisviðbrögð (almenn húðviðbrögð með eða án blóðþrýstingsfalls eða öndunarerfiðleika). Hafið strax samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringið ef til vill í 112.

**Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):**

- Skyndileg, alvarleg ofnæmisviðbrögð með öndunarerfiðleikum, bólgu, hröðum hjartslætti, svitamyndun, sundli, meðvitundarleysi (bráðafnæmisviðbrögð þar með talið lost).

### Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

**Aukaverkanir þar sem tíðni er ekki þekkt** (líklega mjög sjaldgæfar):

Magaverkir, linar hægðir, óþægindi og sviði í endaparmi.

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.

### Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Microlax

- Geymið Microlax þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Microlax má geyma við stofuhita.
- Ekki skal nota Microlax eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### Microlax inniheldur

Virku innihaldsefni: natríumsítrat (tvíhýdrat) og natríumlárlsúlfóasetat.

Önnur innihaldsefni: sorbitól (E 420) (3.125 mg í hverri endaparmstúpu), glýseról (E 422), sorbínsýra (E 200) og hreinsað vatn.

1 ml af Microlax inniheldur 90 mg natríumsítrat og 9 mg natríumlárlsúlfóasetat.

### Lýsing á útliti Microlax og pakkingastærðir

Microlax er hægðalyf á fljótandi formi í plasttúpu. Á túpunni er sproti sem tryggir að unnt er að gefa lyfið djúpt í endaparminn.

Microlax er fáanlegt í pakkingum með 4, 12 eða 50 túpum.

Ekki er víst að allar pakkingastærðir séu markaðssettar.

### Markaðsleyfishafi og framleiðandi

#### Markaðsleyfishafi

McNeil Denmark ApS, Transformervej 14, 2860 Søborg, Danmörk.

#### Framleiðandi

Delpharm Orléans, 5 Avenue de Concy, 45071 Orléans Cedex 2, Frakkland.

eða

JNTL Consumer Health (France) SAS, Domaine de Maigremont, F-27100 Val de Reuil, Frakkland.

### Samhliða innflutningur

Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.

Merking: Heilsa ehf., Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2026.